

A 1748/välfärd

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit Norrænu velferðarnefndarinnar um
þingmannatillögu
um samræmingu á löggjöf um hinsegin fólk á Norðurlöndum

Tillögur

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að samræma löggjöf sína um réttindi hinsegin fólks (1);

að réttur samkynja para til að stofna til sambanda og fjölskyldutengsla verði viðurkenndur í öllum norrænu ríkjunum (2);

að kynleiðrétting verði grundvölluð á sjálfsmynd einstaklinga (3).

Bakgrunnur

Þingmannatillaga Norræna vinstri grænna var kynnt og rædd á þingi Norðurlandaráðs 31. október 2017. Auk þess ræddi nefndin tillöguna á fundi sínum í janúar 2018.

Þróun í norrænu löndunum undanfarin ár hefur haft í för með sér ýmsar mikilvægar umbætur í málefnum hinsegin¹fólks, meðal annars hvað varðar hjónabandslöggjöf og ættleiðingarmál. Því miður er enn munur á löggjöf landanna á sumum sviðum og í versta falli verður slíkur munur til þess að stjórnsýsluhindranir myndast.

HBTIQ eða HBTQIA eru skammstafanir sem standa fyrir *homo-, bi-, trans-, inter-* eða *asexuell* og *queer* eru regnhlífahugtak um samkynhneigða, tvíkynhneigða, trans fólk, einstaklinga af millikyni og kynsegin einstaklinga. Að hluta til snýst málið um kynhneigð, þ.e.a.s. hverjum maður er fær um að verða ástfanginn af eða laðast að. Að hluta til snýst málið um hvernig maður skilgreinir og lætur í ljósi kyn sitt. Kynsegin getur varðað bæði kynhneigð, kynvitund, sambönd og kynlífsvenjur en getur einnig verið til marks um gagnrýna afstöðu til ríkjandi viðhorfa.

Eitt dæmi um slíka stjórnsýsluhindrun er í löggjöf Svíþjóðar, þar sem tæknifrjóvganir framkvæmdar erlendis eru ekki viðurkenndar sjálfkrafa. Í sumum tilvikum hafa samkynja pör þurft að ættleiða börn sín eftir að hafa flutt til Svíþjóðar. Viðurkenna ætti rétt samkynja para til að stofna til sambanda og fjölskyldutengsla í öllum norrænu



löndunum.

Norðurlandaráð gegnir mikilvægu hlutverki hvað varðar samræmingu á löggjöf um hinsegin fólk. Enn má finna óviðunandi mun á slíkri löggjöf milli landanna, ekki síst á sviði mismununar.

Annað svið þar sem mun er að finna á löggjöf landanna varðar réttindi trans fólks. Lög um málefni trans fólks í Finnlandi kveða enn á um að fólk framvísi læknisvottorði um að það hafi undirgengist ófrjósemisaðgerð eða sé ófrjótt af öðrum ástæðum, áður en það getur fengið samþykki fyrir kynleiðréttingu.

Aðeins Noregur og Danmörk hafa löggjöf sem gerir fólki kleift að leiðrétta kyn sitt fyrir lögum með sjálfsmynd sem meginforsendu. Samkvæmt norskum lögum hafa norskir ríkisborgarar rétt á að skilgreina sjálfir kyngervi sitt. Fólk eldra en 16 ára getur sótt sjálft um kynleiðréttingu en börn og ungmenni á aldrinum 6 til 16 ára geta sótt um ásamt forráðamanni sínum. Í Danmörku þarf, líkt og í Finnlandi, að hafa náð 18 ára aldri. Ennfremur er þess krafist að umsækjendur íhugi málið í sex mánuði eftir að sótt hefur verið um kynleiðréttingu áður en henni verður hrint í framkvæmd.

Öll norrænu löndin ættu að grundvalla löggjöf sína á mannréttindum og allir borgarar ættu að vera jafnir fyrir lögum, óháð kynhneigð eða kynvitund.

Mikilvægi tillögunnar með tilliti til heimsmarkmiðanna um sjálfbærni í Dagskrá 2030 (Agenda 2030).

Markmið tillögunnar er, auk þess að ryðja stjórnsýsluhindrunum úr vegi, að stuðla að réttindum allra í samfélagi fyrir alla. Ef litið er til sjálfbærnimarkmiðanna tengist þetta markmiði 16 *Friður og réttlæti* og nánar undirmarkmiði 16.9 *Öllum verði útveguð lögleg skilríki, þ.m.t. fæðingarvottorð, eigi síðar en árið 2030*.

Sjónarmið nefndarinnar

Á þingfundi um þingmannatillöguna kom fram að Norðurlöndin eru fyrirmynd um heim allan þegar kemur að réttindum hinsegin fólks og því ættum við að vera stolt yfir á Norðurlöndunum. Málið snýst um sömu réttindi og sömu tækifæri óháð kynhneigð, kynvitund eða kyntjáningu.

Utan landamæra Norðurlanda má sjá að sums staðar stefnir þróunin í ranga átt. Í mörgum löndum er stórhættulegt að vera opinberlega samkynhneigður. Á nokkrum stöðum liggur meira að segja dauðarefsing við því. Sérlega mikilvægt er því að Norðurlöndin standi sameiginlegan vörð um réttindi hinsegin fólks, bæði heima fyrir og úti um heim. Bæði flokkahópur hægrimanna og Norræn vinstri græn lögðu áherslu á mikilvægi þess að Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin séu rödd hinsegin fólks í réttindabaráttu í viðtölum við ólíka samstarfsaðila úti um heim.

Þrátt fyrir að við höfum náð langt í hverju Norðurlandanna fyrir sig tekur tillagan á nokkrum málum þar sem löggjöf okkar um réttindi hinsegin fólks er ólík. Þetta hefur áhrif á bæði einstaklinga og frjálsa för milli landanna. Þingmannatillagan tekur á mörgum mikilvægum sviðum þar sem Norðurlöndin hefðu hag af samræmingu.



Um er að ræða stofnun fjölskyldu, hjónaband og sambúð og ekki síst börn og réttindi þeirra þegar þau fæðast með samkynja þar sem foreldra. Málið snýst ekki einvörðungu um réttindi fullorðinna heldur einnig verndun barna. Nefndin gat þess að samræming löggjafar um réttindi hinsegin fólks mætti ekki leiða til skerðingar á þegar áunnum réttindum.

Stokkhólmi, 24. janúar 2018

Anna-Maja Henriksson (sv)

Karen J. Klint (S)

Ketil Kjenseth (V)

Lennart Axelsson (S)

Maria Stockhaus (M)

Nina Sandberg (A)

Ólafur Ísleifsson (Flf)

Rikard Larsson (S)

Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)

Fyrirvari við álit nefndarinnar frá Norrænu frelsi (NF)

Norrænt frelsi telur að málefni er varða kynleiðréttingu krefjist frekari úttektar þar sem hættu er á að ungmenni sem gangast undir kynleiðréttingu á grundvelli sjálfsmyndar sjái eftir því er fram líða stundir. Norrænt frelsi telur að það eigi að vera undir norrænu ríkjunum komið að setja löggjöf án samræmingar innan Norðurlanda að því er varðar réttindi hinsegin fólks.

Norrænt frelsi leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að réttur samkynja þara til að stofna til sambanda og fjölskyldutengsla verði viðurkenndur í öllum norrænu ríkjunum.

Stokkhólmi, 24. janúar 2018

Dennis Dioukarev (SD)

Mika Raatikainen (saf)

Fyrirvari við álit nefndarinnar frá Jenis av Rana (Mfl.)

Jenis av Rana (Mfl.), Færeyjum, getur ekki stutt tillöguna og leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar með þingmannatillögu A 1748/välfärd um samræmingu á löggjöf um réttindi hinsegin fólks á Norðurlöndum.

Stokkhólmi, 24. janúar 2018

Jenis av Rana (Mfl.)